

Bæjarstjórn - 1930

## FUNDARBOÐ

**1930. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 24.  
apríl 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 2402619 - Rauðhella 12, breyting á deiliskipulagi**

2. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. apríl sl.  
Á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 21. febrúar 2024 var samþykkt að grenndarkynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Rauðhelli 12 vegna stækkunar á byggingarreit. Nýtingarhlutfall breytist úr 0,5 í 0,56. Erindið var grenndarkynnt með athugasemdafresti til 27.3.2024. Athugasemd barst.

Skipulags- og byggingarráð tekur undir svar við athugasemd og samþykkir breytt deiliskipulag Rauðhelli 12 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

**2. 1110181 - Fatlaðir, ráðgjafarráð**

2.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 16.apríl sl.  
Umsögn ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðs fólks er lögð fram.  
Reglur um samráðshóp um málefni fatlaðs fólks eru lagðar fram til afgreiðslu.

Umsögn lögð fram.  
Fjölskylduráð þakkar samráðshópi um málefni fatlaðs fólks fyrir umsögnina.

Fjölskylduráð samþykkir nýjar reglur um samráðshóp um málefni fatlaðs fólks.  
Málinu vísað til staðfestingar til bæjarstjórnar.

**3. 24011091 - Reglur um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir**

3.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 16.apríl sl.  
Umsögn ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðs fólks lögð fram.  
Reglur um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir lagðar fram til afgreiðslu.

Umsögn lögð fram.

Fjölskylduráð þakkar samráðshópi um málefni fatlaðs fólks fyrir umsögnina og þakkar einnig Ástu Guðrúnu Guðbrandsdóttur fyrir kynninguna.

Fjölskylduráð samþykkir nýjar reglur um stoðþjónustu fyrir fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og vísar þeim til samþykktar í bæjarstjórn.

**4. 1903112 - Dagforeldrar reglur og gjaldskrá**

7.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 17.apríl sl.  
Lögð fram drög að breytingu á reglum um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum.

Fræðsluráð samþykkir breytingar á reglum um greiðslum vegna dvalar barna úr Hafnarfirði hjá dagforeldrum og sendir til frekari afgreiðslu í bæjarstjórn.

**5. 2404391 - Virkisás 22, umsókn um lóð**

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 18.apríl sl.  
Lögð fram umsókn Ævars Valgeirssonar og Berglindar Andrésdóttur um lóðina nr. 22 við Virkisás.

Bæjarráð samþykkir framlagða umsókn Berglindar Andrésdóttur og Ævars Valgeirssonar um lóð nr. 22 við Virkisás.  
Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar

**6. 2308876 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2024 og 2025-2027**

Gjaldskrárbreytingar

**7. 2404754 - Hagsmuna- og notendaráð**

Fulltrúar Samfylkingar leggja fram tillögu.

**8. 2404755 - Samgöngubætur, uppbygging Tækniskóla og þéttingareitur Óseyrarbraut**

Fulltrúar Samfylkingar leggja fram tillögu.

**Fundargerðir**

**9. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn**

- Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 17.apríl sl.
- a. Fundargerð Reykjanesfólkvangs frá 22. mars sl.
  - Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 11. apríl sl.
  - Fundargerð bæjarráðs frá 18.apríl sl.
  - a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 20.mars sl.
  - b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 25. mars sl.
  - c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 10.apríl sl.
  - d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 15.mars sl.
  - e. Fundargerð stjórnar SSH frá 18. mars sl.
  - f. Fundargerðir stjórnar SORPU bs. frá 5. og 19. mars og 9.apríl sl.
  - g. Fundargerð 46. eigendafundar Strætó bs. frá 13. mars sl.

h. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 11. og 15. mars sl.  
Fundargerð fræðsluráðs frá 17. apríl sl.  
a. Fundargerðir íþróttá- og tómstundanefndar frá 26. mars og 9. apríl sl.  
Fundargerð fjölskylduráðs frá 16. apríl sl.  
Fundargerð forsetanefndar frá 22. apríl sl.

### **Áætlanir og ársreikningar**

**10. 2401113 - Ársreikningur Hafnarfjarðarkaupstaðar 2023 og fyrirtækja hans, fyrri umræða**

Ársreikningur lagður fram til fyrri umræðu.

22.04.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri